

## Starfsreglur fyrir dómarnefnd KSÍ

### 1.gr.

Dómarnefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um dómara og eftirlitsmenn og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Dómarnefnd skal skipuð a.m.k. 5 mönnum, sem stjórn KSÍ tilnefnir. Formaður nefndarinnar skal sitja í stjórn KSÍ en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Dómarnefnd skal að meirihluta til vera skipuð reynslumiklum fyrrverandi dómurum.

### 2.gr.

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Starfsmaður nefndarinnar annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hann sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra KSÍ. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og það sent til starfsmanns hennar á skrifstofu KSÍ sem tekur það til afgreiðslu

### 3.gr.

Dómarnefnd hefur umsjón með dómaramálum KSÍ, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara á leiki á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu knattspyrnulaganna á íslensku og sér um að dómara framfylgi þeim. Dómarnefnd er heimilt að skipa undirnefndir, sem t.d. hafi eftirlit með hæfnismálum, niðurröðun og fræðslumálum.

### 4.gr.

Helstu verkefni dómarnefndar eru eftirfarandi:

- Að halda skrá yfir alla starfandi dómara og eftirlitsmenn.
- Að hafa yfirumsjón með fræðslu og menntun dómara, eftirlitsmanna og kennara í dómarafræðum ásamt því að annast þolpróf og skrifleg próf dómara.
- Að setja árleg fyrirmæli fyrir dómara.
- Að annast útgáfu knattspyrnulaganna á íslensku og úrskurða um túlkun þeirra.
- Að raða landsdómurum í flokka A, B og C í lok keppnistímabils (eða síðar).
- Að annast niðurröðun dómara á leiki á vegum KSÍ í samræmi við reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.
- Að hafa eftirlit með störfum dómara innanlands og utan.
- Að annast niðurröðun eftirlitsmanna á leiki skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn.
- Að veita aðildarfélögum og öðrum innlendum aðilum ráðgjöf um dómaramál.
- Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um dómaramál innan UEFA og með áherslu á samstarf Norðurlanda.
- Að gera tillögur til stjórnar KSÍ um dómara og aðstoðardómara á milliríkjalista FIFA.
- Að tilnefna dómara og aðstoðardómara til starfa erlendis.
- Að svipta knattspyrnudómara réttindum samkvæmt ákvæðum reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og reglugerðar KSÍ um knattspyrnudómara.

### 5.gr.

Dómarnefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn KSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

### 6. gr.

Stjórn KSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

7. gr.

Starfsreglur þessar taka þegar gildi og falla þar með úr gildi eldri starfsreglur dómara nefndar KSÍ.

*Samþykkt af stjórn KSÍ 23. apríl 2007*